

Fundargerð 3. fundar stjórnar Sprotasjóðs

Fundurinn var haldinn, 30. nóv. 2009 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Mættir voru allir stjórnarmenn: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Finnur Friðriksson, Rósa Gunnarsdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 13:30. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Megin fundarefnið var fyrsta yfirferð umsókna.

Umræðan frá síðasta fundi um þau viðmið sem hafa þarf við flokkun umsókna, var tekin upp að nýju og rædd. Rætt var um að úthlutun styrkja þurfi m.a að taka tillit til áherslusviða sjóðsins hverju sinni, samstarfsaðila inna og utan skólakerfisins, skólastiga og landssvæða.

Þessi atriði eru ekki ákvarðandi eða útilokandi, en geta stutt við lokaafgreiðslu umsókna.

Auk þess þarf að sérkenna verkefni sem þegar eru hafin (eða eru í gangi) og verkefni þar sem sótt er í fleiri styrktarsjóði.

Því næst var rætt um hvenær næstu fundir gætu verið haldnir. Lagt var til að næsti fundur yrði haldinn miðvikudaginn, 9. des kl. 11-15 og ef á þyrfti að halda þá yrði einnig haldinn fundur strax næsta dag eða fimmtudaginn, 10. des, frá kl 13-15.

Mat á umsóknum:

Undir liðnum, mat á umsóknum var í fyrsta lagi bent á að mikilvægt væri að við yfirferð umsókna í Sprotasjóð lægi til hliðsjónar listi yfir þær umsóknir sem borist hefðu til Þróunarsjóðs námsgagna svo hægt væri að bera saman þessar umsóknir, þar sem nokkuð virðist vera um að umsóknir sem snúa að námsgagnagerð berist til Sprotasjóðs. Allir voru sammála um mikilvægi þess að fá lista yfir þær umsóknir sem borist hefðu til Þróunarsjóðs námsgagna svo hægt væri að bera saman þær umsóknir við umsóknir Sprotasjóðs. Þannig mætti sjá hvort sama verkefnið hafi t.d sótt í báða sjóðina. Ákveðið var að Sigrún og Sigurjón myndu fá lista yfir umsóknir í Þróunarsjóð námsgagna, svo hægt sé að hafa hann til hliðsjónar við yfirferð umsókna í Sprotasjóð.

Því næst ræddu stjórnarmenn hver um sig, hvernig þeim hefði gengið að leggja mat á umsóknirnar og flokka þær eftir grunnflokkuninni, „já“, „nei“, „kannski“ og hvaða álitamál hefðu komið upp við mat á umsóknunum.

Fram kom sú hugmynd að fyrir næstu úthlutun yrði að afmarka betur áherslusvið sjóðsins. T.d væri erfitt að meta áherslusviðið, sveigjanleika og fjölbreytni í námi og kennsluháttum. Talað var um að draga þyrfti mörk á milli þess hvort um væri að ræða endurmenntun kennara eða þróunarvinnu.

Rætt var um að setja þyrfti fram meginstefnu um fjárhæðir og fjölda samþykktra umsókna. Þ.e með hvaða hætti eigi að taka tillit til þeirra styrkuppþæða sem sótt er um og hvort taka eigi tillit til áherslusviða, þ.e annars vegar, sveigjanleika og fjölbreytni í námi og kennsluháttum og hins vegar lestrarkennslu og læsi í víðum skilningi.

Í framhaldi af umræðu um meginstefnu um fjárhæðir og fjölda styrkja sem eigi að veita, var stjórnin sammála um að áður en tekin yrði afstaða til þess þá þyrfti að meta betur þær umsóknir sem hafa borist.

Vakið var máls á því hvernig meta skyldi umsóknir þar sem um væri að ræða, BA verkefni, mastersverkefni eða doktorsverkefni. Stjórnarmenn komust að þeirri niðurstöðu að skoða þurfi slík verkefni út frá því hvort verkefnið væri gert vegna skólans og á hans forsendum eða á forsendum einstaklingsins.

Bent var á að í nokkrum umsóknum vantaði ferilskrá umsækjenda. Stjórnarmenn töldu að það væri mikilvægt að hafa slíkar upplýsingar við mat á umsókninni enda er þess krafist í umsóknarformi að ferilskrá sé skilað með umsókn.

Vakið var máls á því hvort taka ætti tillit til umsókna sem koma utan skólakerfisins. Í framhaldi af því var rætt um að ef slík verkefni eru gerð á forsendum skólans þá gætu þau verið góð og gild. Bent var á að sjóðurinn þurfi að ganga út frá því að það sé ábyrgðarskóli sem fær styrkinn. Styrkurinn þurfi að fara í gegnum stofnun sem er bókhaldskræf. Viðkomandi skóli þarf að vera ábyrgur fyrir styrknum sem er veittur og uppgjóri hans.

Því næst báru stjórnarmenn upp nokkur álitamál varðandi umsóknir og báru þau undir aðra stjórnarmenn en nánara mat verður gert á umsóknum á næsta fundi.

Ákveðið var að flokka umsóknir nánar fyrir næsta fund. Í flokkuninni skyldi koma fram upplýsingar um eftirfarandi: Umsóknaraðili, frá hvaða sveitarfélagi umsóknin er, af hvaða skólastigi, áherslusvið og hvaða upphæð sótt er um. Ákveðið var að hver og einn stjórnarmaður flokkaði sínar umsóknir með þessum hætti.

Lögð var fram athugasemd um liðinn, „er afrakstur verkefnisins líklegur til að hafa áhrif á íslenskt skólastarf“ taldi hún erfitt að meta það. Rætt var í því samhengi að ef sjá mætti í umsókninni að fyrirhugað væri að breiða út boðskap verkefnisins þá mætti hafa það í huga við mat á umsókninni.

Vakið var máls á því að oft væru umsóknirnar illa unnar og mikið um málfarsvillur. Rætt var um að sjóðurinn mætti setja fram ákveðin skilyrði um frágang vegna umsókna.

Ákveðið var að lokum að hver og einn myndi vinna áfram við að flokka sínar umsóknir eftir, „já“, „nei“ og „kannski“. Á næsta fundi myndu svo stjórnarmenn bera sínar flokkanir undir aðra stjórnarmenn.

Fundi var slitið um kl 15:30.